

EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



Dags eftirlits	5.6.2013	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfsnesi	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Heimili	Gufunes	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Gnýr Hjarðar	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Ásbjörn Einarsson	Staðsetning	366624,722 412355,277

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert athugasemdir kom fram við skoðun á urðunarframkvæmd í Álfsnesi. Gerðar voru þrjár athugasemdir og ekkert frávik staðfest. Athugasemdirnar varða sýnatökur á vatni, skil á gögnum um sýnatökur, viðhald hreinsimannvirkja og meðhöndlun á olíumenguðum jarðvegi. Rekstraraðili hefur gert fullnægjandi grein fyrir athugasemdunum skriflega. Ákveðið var að fresta þátttöku eftirlitsaðila í sýnatöku (vatn) fram á haust. Rekstraraðili starfar á undanþágu frá ráðuneyti en nýtt starfsleyfi er í burðarliðnum.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitsheimsókn hófst á fundi með Bjarna G.P.Hjarðar, Ásbirni Einarssyni, Ólöfu Vilbergsdóttur. Rætt var um stöðu mála hvað varðar lyktarvandamál og viðbrögð SORPU við þeim, efni síðustu eftirlitsskýrslu, grunn- og sigvatnsmælingar, stöðugar mælingar (rennsli, hitastig o.fl.) og móttökuvíðmið á (mis-)vatnsríkum úrgangi, t.d. vatnsmálingu en bannað er að urða fljótandi úrgang. Þá var meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs rædd, sér í lagi víðmið um hvenær olíumengaður jarðvegur telst spilliefni og upplýsingar er varða starfsemi Sorpu á síðasta ári sbr. ákv. 3.6 í starfsleyfi. Úttekt á botnpéttingu oph. var frestað til haustsins. Að síðustu var athafnasvæði SORPU í Álfsnesi skoðað, þ.a.m. Gýmir (móttaka seyru ofl.), urðunarreinar og svæði undir gler og steinefni.

ATHUGASEMDIR

Rekstraraðili afhenti í eftirlitinu prentaða úttekt á niðurstöðum grunn- og sigvatnsmælinga. Eftirlitsaðili fór fram á nánari skýringar á ástandi og niðurstöðum síðustu mælinga úr holu ÁN-2 (samantekt frá 28.12.12) þar sem gildi fyrir COD og NH3 voru óvenjuhá eða 100mg/l COD og 6mg/l NH3. Einnig var farið fram á mat á hve góð staðsetning ÁN-2 til vöktunar væri og bærust skýringar 2.8.sl.

Samkvæmt ákv. 3.6 í starfsleyfi skal rekstraraðili senda Umhverfisstofnun árssamantekt á mótteknu magni og tegund úrgangs o.fl. Upplýsingar um rekstur hreinsimannvirkja í Álfsnesi, magn og gerð tilfallandi efna úr grófhreinsun og hvernig þeim er fargað hafði ekki borist er eftirlitið fór fram. Upplýsingarnar bærust 2.8.sl.

Umhverfisstofnun barst ábending um að rekstraraðili hefði urðað dísilmengaðan jarðveg þann sem þyrfa missti dísilfarn sinn í, í Bláfjöllum í byrjun maí sl. Málið var rætt í eftirlitinu og kom m.a. fram að SORPA urðaði ekki spilliefni. Farið var fram á að rekstraraðili gerði grein fyrir málinu skriflega og barst greinargerð hans 2.8.sl.

ANNAÐ

Ákveðið var í síðasta eftirliti að undirrituð færi með í sýnatöku (vatn) samhliða eftirlitinu nú. Það hentaði ekki að þessu sinni, en ákveðið var að eftirlitsaðili færi með í næstu sýnatöku.

Starfsleyfi rekstraraðila rann út þann 31.12.2012 en starfar nú á undanþágu frá Umhverfisaráðuneyti. Undanþágan gildir til 1.okt. nk. Vinnsla nýs starfsleyfis er langt á veg komin.

Reykjavík, 13.08.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.